

26. febrúar 2020

Greinargerð vegna starfsleyfisvinnslu – Niðurrif á útihúsum á Hámundarstöðum

Umsókn um starfsleyfi vegna niðurrifs á útihúsum á Hámundarstöðum, 690 Vopnafirði 5 barst 27. janúar sl. Umsækjandi var Jóhannes Kristinsson.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins var í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru auglýst á heimasíðu HAUST þann 27.1.2020. Frestur til að skila inn athugasemdum var 4 vikur og rann út þann 24.2.2020.

Engar athugasemdir bárust á umsagnartíma og var starfsleyfi fyrir niðurrif á Strandgötu 38 útgefið 26.2.2020.

Engar breytingar voru gerðar á útgefnu starfsleyfi frá auglýstri tillögu.

Samkvæmt 1. mgr. 65. gr. Laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir er heimilt að vísa ákvörðun heilbrigðisnefndar í máli þessu til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála fer skv. lögum nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kæra til nefndarinnar frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunarinnar. Frestur til að vísa málinu til úrskurðarnefndar er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina. Kæra skal vera skrifleg og undirrituð.

Virðingafyllt



Lára Guðmundsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi